

REGLUGERÐ um upphaf og lok fangavistar.

1. gr.

Fangelsismálastofnun tekur við refsidómum til fullnustu frá ríkissaksóknara og Hæstarétti og öðrum dómum, þar sem refsing er ákveðin. Sektardóma sendir stofnunin lögreglustjórum til fullnustu.

Stofnunin annast fullnustu varðhalds- og fangelsisdóma.

Stofnunin tilkynnir viðkomandi dómþola um dóm hans og hvenær hann skuli mæta til afplánunar. Mæti dómþoli ekki á tilsettum tíma, felur stofnunin viðkomandi lögreglustjóra að færa dómþola í fangelsið.

Leiti dómþoli eftir fresti á að hefja afplánun, er heimilt að veita hann í allt að 8 mánuði, ef sérstakar ástæður mæla með, frá þeim tíma er dómþoli átti að hefja afplánun.

2. gr.

Fangelsismálastofnun felur viðkomandi lögreglustjórum innheimtu málskostnaðar í þeim málum, þar sem hún sjálf annast fullnustuna.

3. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, fullnustumatsnefnd, til tveggja ára í senn, til þess að meta allar umsóknir um reynslulausn og náðun.

Nefndin skal láta dómsmálaráðherra í té rökstuddar tillögur um afgreiðslu náðunarbeiðna og fangelsismálastofnun um afgreiðslu reynslulausnarbeiðna.

4. gr.

Fangelsismálastofnun annast veitingu reynslulausnar skv. 40. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Vilji stofnunin veita reynslulausn fyrir en fullnustumatsnefnd leggur til, skal stofnunin leita staðfestingar dómsmálaráðuneytisins.

5. gr.

Fangelsismálastofnun tekur á móti umsóknum um náðun af refsingu og undirbýr náðunartillögur.

6. gr.

Dómsmálaráðuneytið og fangelsismálastofnun skulu afla nauðsynlegra upplýsinga um beiðnir, sem lagðar eru fyrir fullnustumatsnefnd, og búa þær í hendur nefndinni.

7. gr.

Fangelsismálastofnun tilkynnir afgreiðslu náðunarbeiðna.

8. gr.

Beiðni um náðun frestar framkvæmd refsingar, þar til hún hefur verið afgreidd. Sé náðunarbeiðni endurnýjuð, frestar hún þó ekki framkvæmd refsingar, nema um sé að ræða nýjar upplýsingar um hagi dómpóla, sem ekki var unnt að leggja fram með fyrri beiðni.

9. gr.

Fangelsismálastofnun tekur ákvarðanir skv. 3. mgr. 41. gr. almennra hegningarlaga um að breyta eða fella niður skilyrði reynslulausnar.

10. gr.

Fangelsismálastofnun fjallar um skilorðsrof skv. 2. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga. Stofnunin ákveður, hvort breytt skuli skilyrðum og reynslu- og/eða tilsjónartími lengdur allt að lögmaeltu hámarki hans eða að dómpóli taki út refsingu þá, sem eftir stendur.

Ákvörðun fangelsismálastofnunar skv. 2. mgr. þessarar greinar skal vera skrifleg og rökstudd. Ákvörðun skal birta hlutaðeigandi með sannanlegum hætti, og er óheimilt að láta hann taka út eftirstöðvar refsingar fyrir en eftir birtingu.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 30. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 og 40.-42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og öðlast hún gildi 1. janúar 1989.

Jafnframt eru felldar brott starfsreglur fyrir fangelsismáladeild dóms- og kirkjumálaráðuneytisins nr. 409/1977 og auglýsing um breytingu á þeim nr. 3/1980.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1988.

Halldór Ásgrímsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um gjald af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

1. gr.

Á tímabilinu 1. janúar til og með 31. mars 1989 skal ekki greiða sérstakt gjald samkvæmt 2. gr. laga nr. 13/1988 af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 13, 16. mars 1988 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 468, 6. október 1988.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. desember 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.